

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Sent með tölvupósti
Reykjavík, 9. júlí 2021

Efni: Umsögn BÍ um drög að breytingum á viðaukum I og II við reglugerð um velferð nautgripa nr. 1065/2014.

Vísað er til tölvupósts frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 25. júní sl. þar sem Bændasamtökunum var kynnt að vegna mistaka hafi viðaukar I og II með drögum að breytingareglugerð vegna 1. breytingar á reglugerð nr. 1065/2014, um velferð nautgripa, ekki verið birtir samhliða í Samráðsgátt. Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við að drögin hafi ekki verið endurbirt í Samráðsgátt ásamt viðaukum með framlengdum fresti, enda hafi aðrir sem hagsmuna hafa að gæta af afgreiðslu málsins ekki gefist kostur á að skila umsögn. Bændasamtökin hafa skilað umsögn um áður nefnda breytingareglugerð en hér fer umsögn samtakanna um breytingar á viðaukum við hana.

1. Breytingar á kröfum til legubása

Lagðar eru til breytingar á töflum í viðauka 1 og gerðar breytingar á stærðarflokkum. Í lið ii undir töflu 2 kemur nýr liður sem snýr að gólfbitum í stíum, þeir skuli klæddir gúmmíefni eða öðru mjúku efni og skal það gilda fyrir fjós byggð eftir gildistöku reglugerðarinnar. Bændasamtökin benda á að ef ætlunin er að reglugerðin taki gildi við samþykkt hennar þurfa þeir sem eru að byggja fjós að gera samsvarandi breytingar. Gúmmíklæðning kostar u.þ.b. 40.000 kr./fm. Fyrir dæmigert 60 bása fjós, eingöngu með aðstöðu fyrir kvígur í uppeldi en ekkert eldi á nautum til kjötframleiðslu gæti þessi kostnaður verið rúmlega 10 milljónir en það tekur ekki til kostnaðar við flutning eða uppsetningu sem getur verið verulegur. Þetta mat ætti að skoðast sem algjört lágmarksmat m.v. afar hagkvæmar einingar. Skýra þarf hvort krafan gildi um fjós sem hafið er að byggja eftir gildistöku reglugerðarinnar eða hvort þau sem nú eru í byggingu skulu uppfylla þá kröfu. Þá er bent á að klaufir slitna ekki eins á gúmmíklæðningu sem kallar á aukna vinnu við klaufsnyrtingar. Hægt að leysa með því að hafa hluta stíunnar klædda.

2. Breytingar á kröfum til lengdar bása hjá fullorðnum kúm

Í 9. lið viðauka I er lagt til að básar skuli vera 145 cm langir, í núgildandi viðauka segir að „æskilegt“ sé að þeir séu 145 cm. Þessi tillaga kallar á kostnaðarsamar framkvæmdir í eldri fjósum ef ætlunin er að krafan gildi um eldri fjós.

3. Breidd á flórum

Samkvæmt núgildandi reglugerð, ásamt viðaukum, giltu reglur um breidd á flórum aðeins um ný fjós. Nú gilda þau um öll fjós en gefin 10% frávik frá málum í eldri fjósum. Þetta kallar á töluverðar framkvæmdir hjá eldri fjósum sem ekki uppfylla kröfu um 10% frávik.

4. Niðurlag

Með tillögum að framangreindum breytingum eru kröfur hertar. Það liggur fyrir að slíkar breytingar eru afar kostnaðarsamar fyrir þá sem þurfa að gera breytingar til að mæta þeim kröfum. Áætluð fjárfestingaþörf nautgripaæktarinnar í landinu til að mæta kröfum velferðarreglugerðarinnar var áætluð um 20 milljarða króna á verðlagi ársins 2015, sem eru 24 milljarðar á verðlagi dagsins í dag. Breytingar sem raktar eru að framan auka þörf fyrir fjárfestingastuðning. Að lokum er bent á bent á að aukinn kostnaður í framleiðslu kemur til með að skerða samkeppnishæfni og draga úr getu greinarinnar til að fjárfesta t.a.m. í aðgerðum í þágu loftslagsmála.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir